

Lögglustjórinn á Vestfjörðum

06 314

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Lögglustjórinn á Vestfjörðum

kt. 481214-0760

Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum er ríkisaðili í A1-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin hefur það hlutverk að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi, stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota, greiða götu borgarinnar og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 09 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 586,3 milljónir og afkoma kr. -13,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -6,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 110,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Vestfjörðum fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Helgi Jensson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	569.900.000	519.384.844
Seld þjónusta	3	1.325.496	1.404.947
Framlög og ýmsar tekjur	4	4.852.629	2.820.063
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>10.247.823</u>	<u>9.550.691</u>
Tekjur samtals		586.325.948	533.160.545
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	483.062.370	421.627.023
Annar rekstrarkostnaður	6	106.423.658	92.147.549
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		1.569	15.015
Afskriftir og niðurfærslur	7	<u>10.247.823</u>	<u>9.550.691</u>
Gjöld samtals		599.735.420	523.340.278
Afkoma ársins		<u>(13.409.472)</u>	<u>9.820.267</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Viðskiptakröfur		99.979	0
Tengdir aðilar	8	46.773.464	62.206.970
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	64.060.892	46.148.172
Eignir samtals		<u>110.934.335</u>	<u>108.355.142</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	5.014.213	0
Viðskiptaskuldir		2.887.871	6.934.766
Ýmsar skammtímaskuldir	10	42.458.775	32.244.605
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	67.156.394	62.349.217
Skuldir samtals		<u>117.517.253</u>	<u>101.528.588</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		(6.582.918)	6.826.554
Eigið fé			
Hrein eign	12	(6.582.918)	6.826.554
Eigið fé samtals		<u>(6.582.918)</u>	<u>6.826.554</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>110.934.335</u>	<u>108.355.142</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(13.409.472)	9.820.267
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	10.247.823	9.550.691
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(10.247.823)	(9.550.691)
		<u>(13.409.472)</u>	<u>9.820.267</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(99.979)	1.253.252
Tengdir aðilar		7.342.176	(848.993)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		6.167.275	(10.224.526)
		<u>13.409.472</u>	<u>(9.820.267)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(28.160.543)	(6.234.769)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		655.000	715.000
		<u>(27.505.543)</u>	<u>(5.519.769)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		13.105.543	0
Fjárfestingarframlag		14.400.000	5.519.769
		<u>27.505.543</u>	<u>5.519.769</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	506.100.000	14.400.000	520.500.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum	506.100.000	14.400.000	520.500.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	25.700.000		25.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	38.100.000		38.100.000
Fjárveiting ársins	569.900.000	14.400.000	584.300.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	6.826.554	16.201.045	23.027.599
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	576.726.554	30.601.045	607.327.599
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(583.309.472)	(27.505.543)	(610.815.015)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	(6.582.918)	3.095.502	(3.487.416)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2023 2022

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	569.900.000	519.384.844
Tekjufærsla frestaðra tekna	10.247.823	9.550.691
	<u>580.147.823</u>	<u>528.935.535</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	506.100.000	0	0	506.100.000
Launabætur	25.700.000	0	0	25.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	38.100.000	0	0	38.100.000
Fjárveiting til tekna	569.900.000	0	0	569.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(583.309.472)	0	0	(583.309.472)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(13.409.472)	0	0	(13.409.472)

2023 2022

3 Seld þjónusta

Veitinga- og gistipjónusta	1.325.496	1.404.947
	<u>1.325.496</u>	<u>1.404.947</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.437.939	0
Ýmsar tekjur	2.414.690	2.819.163
	<u>4.852.629</u>	<u>2.820.063</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	383.250.274	344.695.059
Orlof, breyting	10.400.263	(2.441.672)
Launatengd gjöld	87.324.000	78.112.356
Starfsmannakostnaður	2.087.833	1.261.280
	<u>483.062.370</u>	<u>421.627.023</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	28,0	28,0

Skýringar

	2023	2022
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	869.342	382.344
Byggingarvörur, almennar	3.093	55.550
Byggingarvörur, aðrar	12.279	2.372
Tæki og búnaður til innréttinga	8.159	24.105
Ýmis tæki og áhöld	681.138	895.544
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.677.041	584.897
Orkugjafar	9.669.905	9.647.553
Matvæli	8.011.719	6.755.770
Almennar rekstrarvörur	6.112.327	3.964.026
Vörukaup, almenn	28.045.003	22.312.161
Rannsóknarstofuefni	158.162	336.782
Ýmsar sérgreindar vörur	215.037	57.115
Vörukaup, sérgreind	373.199	393.897
Fundir, námskeið, risna	500.730	730.580
Ferðir, uppihald	6.426.953	3.297.994
Akstur	5.512.694	1.526.397
Sérfræðiþjónusta	1.128.012	1.682.337
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	38.476	50.118
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	200.027	81.066
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.325.910	1.977.175
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	15.132.802	9.345.667
Samningsbundin kaup og leiga	1.002.729	0
Afnotagjöld	3.990.016	2.859.460
Leigugjöld	27.837.154	29.246.211
Notkun véla og flutningatækja	67.647	277.366
Verkkaup	10.017.273	8.147.730
Kostnaðarhlutdeild	16.502.048	16.571.593
Áhættutap og bætur	123.400	24.738
Tryggingar, lögboðnar	2.775.827	2.522.781
Opinber gjöld	477.640	246.662
Tilfærslur	78.920	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	62.872.654	59.896.541
Vörukaup	0	199.283
Vörur til endursölu og birgðabreyting	0	199.283
Annar rekstrarkostnaður samtals	106.423.658	92.147.549
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	5.422.657	4.998.872
Farartæki og vélar	4.825.166	4.551.819
	10.247.823	9.550.691

Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	46.773.464	62.206.970
	<u>46.773.464</u>	<u>62.206.970</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	5.014.213	0
	<u>5.014.213</u>	<u>0</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	31.558.016	31.356.614
Farartæki og vélar	32.502.876	14.791.558
	<u>64.060.892</u>	<u>46.148.172</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2023	53.725.282	48.902.966	102.628.248
Viðbætur á árinu	5.624.059	22.536.484	28.160.543
Selt/úrelt á árinu	0	(6.483.001)	(6.483.001)
	<u>59.349.341</u>	<u>64.956.449</u>	<u>124.305.790</u>
Afskriftir 01.01.2023	22.368.668	34.111.408	56.480.076
Afskrift ársins	5.422.657	4.825.166	10.247.823
Selt/úrelt á árinu	0	(6.483.001)	(6.483.001)
	<u>27.791.325</u>	<u>32.453.573</u>	<u>60.244.898</u>
Staða 31.12.2023	<u>31.558.016</u>	<u>32.502.876</u>	<u>64.060.892</u>

31.12.2023 31.12.2022

10 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	42.161.465	31.761.202
Önnur ógreidd gjöld	297.310	483.403
	<u>42.458.775</u>	<u>32.244.605</u>

Skýringar

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	64.060.892	46.148.172
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	3.095.502	16.201.045
	<u>67.156.394</u>	<u>62.349.217</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	46.148.172	16.201.045	62.349.217
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	14.400.000	14.400.000
Áhrif seldra eigna	0	655.000	655.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	28.160.543	(28.160.543)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(10.247.823)	0	(10.247.823)
	<u>64.060.892</u>	<u>3.095.502</u>	<u>67.156.394</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 12,3 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

12 Eigið fé

	31.12.2023	31.12.2022
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	6.826.554	(2.993.713)
Afkoma ársins	(13.409.472)	9.820.267
Jöfnuður 31.12.	<u>(6.582.918)</u>	<u>6.826.554</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samræði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði ótímabundið og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 22,10 milljónir og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 5,33 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.